



Eining-Idja

F E L A G S B L A D
2. útluplað • 4. árgangur • JÚNÍ 2002



Útgefandi:
Eining-Iðja
Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.eining-idja.is

Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson
Umsjón, textagerð og prófarkalestur:
FREMRI kynningarþjónusta

Auglýsingar:
P. J. auglýsinga- og markaðsþjónusta.
Símar: 566 8262 & 861 8262,
bréfasími 566 8236.
Netfang: pallj@islandia.is

Forsíðumynd: Haraldur Ingólfsson.
Prentvinnsla: Ásprent/POB ehf.
Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig að
heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík:
Ráðhúsinu
Sími: 466 1340
Bréfasími: 466 1041
Netfang: runa@eining-idja.rl.is
Opið kl. 10-14 mánud., þriðjud.,
fimmtud. og föstudaga
og kl. 10-16 á miðvikudögum.

Skrifstofa Einingar-Iðju í Ólafsfirði:
Múlavegi 1
Sími 466 2318
Bréfasími 466 2681
Netfang: gusti@eining-idja.rl.is
Opið kl. 9-13 virka daga



Efnisyfirlit:

Björn Snæbjörnsson: Stoltur af mínu fólki!	4-5
Uppselt í fjallaferðina	5
Dagsferð til Grímseyjar	5
Nýir lögmenn	5
Reglur um greiðslu orlofsuppbótar	5
Frá aðalfundi 2002	6-7
Margrét Marvinsdóttir: Gefandi og skemmtilegt	8
Erla Hrund Friðfinnsdóttir: Jákvætt viðhorf vinnuveitanda	9
Margs konar styrkir veittir úr sjúkrasjóði	8
Lausar vikur í orlofshúsum	9
Sparið í Hvalfjarðargöngum	10
Kortin velkomin	10
Afl í þína þágu	11
Formaður í 17 ár	11
Upplýsingaveita á heimasíðunni	11
Nýtið námsstyrkina	11
Viðhorfs- og þjónustukönnun	12-21
Stjórnir og nefndir	22



Frissi fríski
er búinn til úr
náttúrulegum hráefnum
án allra aukaefna.
Hann fæst nú í handhægum
250ml fernum sem henta
fyrir leik og starf.



...frískandi og svalandi

Oft þarf bara
einn hlut til að gera
lífið auðveldara

Lífeyrissparnaður

Þjónusta Landsbankans gerir líf þitt
auðveldara. Til að tryggja þér góða afkomu
á efri árum skaltu leggja fyrir í lífeyris-
sparnað hjá fyrirtæki sem þú getur treyst.

Því ef þú setur það sem þú safnar
í lífinu á öruggan stað getur þú hætt að
vinna án þess að hætta að njóta lífsins.
Og þannig verður lífið auðveldara.

 **Landsbankinn**

Stoltur af mínu fólki!

– Verkalýðshreyfingunni að þakka að baráttan gegn verðbólgunni bar árangur

Rauðu strikin héldu! Líklega var þetta aðalfrétt málmánaðar, sannkölluð stófrétt, ekki síst fyrir verkalýðshreyfingarinnar gegn verðbólgunni bar árangur.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, fagnar mjög þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni gegn verðbólgunni, enda hefur verkalýðshreyfingin lagt mikinn kraft og mikla vinnu í þessa baráttu. „Það skapaðist mikill vandi á síðasta ári með vaxandi verðbólgu og öllu sem henni fylgdi, hækkandi vöruverði, hækkandi vöxtum og

stöðugt og á haustdögum var sýnt að allt væri að fara í öfni. Það var hálft áttánlegt að heyra forseta ASÍ segja frá því á hverjum miðstjórnarfundinum á fætur öðrum hvernig menn væru að sigla í strand,“ segir Björn.

Stöðug árvekni og umræða verkalýðsforystunnar bar þó árangur að lokum og menn fóru að hlusta á það sem verkalýðsforystan hafði haldið fram frá því í fyrravor. „Það var í nóvembermánuði að menn fóru að rumska og sáu að það væri líklega rétt að eitthvað þyrfti að gera í málinu. Gengið hafði fallið og Seðlabankinn hélt uppi vöxtum,“ segir

við verkafólk,“ segir Björn en bendir jafnframt á að aðeins tveir greiddu atkvæði gegn samkomulaginu á fjölmönnum fundi fulltrúa félaganna. „Ég vann að þessu máli sem miðstjórnarmaður og var stuðningsmaður þess að gera þetta í þeim tilgangi að reyna að ná verðbólgunni niður og skapa þannig aftur jafnvægi í peningamálunum hér á landi. Ég og varaformaður Einingar-Íðju vorum á fundinum 13. desember og greiddum bæði atkvæði með samkomulaginu. Ég get fullvissað félagsmenn um að við sjáum ekki eftir því í dag. Það náðist sá árangur sem menn vonuðu að næðist.“

Það var litlu að tapa en til mikils að vinna að vísitala neysluverðs héldist innan þeirra marka sem miðað var við í kjarasamningunum. Með samstilltu átaki undir styrkri forystu verkalýðshreyfingarinnar náðist það markmið og Björn er stoltur af árangrinum. „Það verður að segjast allveg eins og er að ég hef aldrei verið eins hreykinn af hreyfingunni minni og nú. Sérstaklega er ég stoltur af framgöngu forseta ASÍ sem hefur drifið starfið áfram og er alls ekki hættur. Hann mun ásamt öðrum halda áfram að berjast við alla þá sem reyna að hækka kostnað neytenda, hvort sem það er vöruverð eða þjónusta.“

Traust staða í dag

En hvernig lítur út með framhaldið nú þegar í ljós er komið að rauðu strikin héldu? Er hætta á að við gleymum okkur eða að uppsöfnuð flóðbylgja skelli á landslýð í sumar og haust — samanber til dæmis hækkunar á bensínverði 1. júní?

„Þó að árangur hafi náðst þá eru óneitanlega blikur á lofti,“ segir Björn og bendir þar meðal annars á nefndar verðhækkunar á bensíni. „En þó bensínið og fleira hafi hækkað þá hafa aðrir liðir verið að lækka á mót og ég held að margt annað muni lækka í sumar. Þannig helst þetta vonandi í ákveðnu jafnvægi þannig

Björn og er mikið niðri fyrir, því hún er greinilega hans hjartans mál þessi baráttan við að halda verðbólgunni innan marka sem menn geta sætt sig við. Björn segir mikið starf hafa verið unnið af hálfu ASÍ áður en skrifað var undir samkomulag við Samtök atvinnulífsins, með aðild ríkisstjórnarinnar, þann 13. desember í fyrra.

Umdeilt en bar árangur

„Þetta samkomulag var umdeilt meðal forystumanna í hreyfingunni og kölluðu sumir þetta samkomulag svik



Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar heimsóttu forsvarsmenn margra bæjarfélaga snemma á árinu í herferð sinni gegn verðhækkunum. Hér eru Konráð Alfreðsson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar og Alþýðusambands Norðurlands (lengst til vinstri) og Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, komnir „inn á teppið“ hjá Kristjáni Þór Júlíussyni bæjarstjóra á Akureyri.

ekki síst hækkandi þjónustugjöldum,“ segir Björn þegar hann er beðinn um að rifja upp gang mála frá því að verkalýðshreyfingin reyndi að vara menn við vorið 2001.

Þyrnirósarsvefn

„Það var eins og allir væru í fastasvefni á vordögum 2001 þegar ASÍ bankaði á dyr stjórnvalda til að vara við því ástandi sem væri að skapast. Forsætisráðherra talaði upp úr svefni og var eins og páfagaukur sem aðeins kann eina setningu: „Það er allt í lagi hjá okkur!“ En ástandið versnaði

að það verður engin sprenging í sumar — ég hef enga trú á því,“ segir Björn. Þjóðarvilji gegn verðbólgu haldi aftur af mönnum að hækka verð á vörum og þjónustu. „Ég vona að menn þori ekki annað en að fylgja með í þessari baráttu gegn verðhækkunum,“ segir hann.

Munum halda vöku okkar áfram

- Er þá engin hætta á að við sofnum á verðinum í sumar og vöknum upp við vandan draum í haust eða vetur?

„Alþýðusambandið mun halda vöku sinni áfram og verður með reglulegar verðkannanir. Það verður fylgst mjög vel með og reynt að þrýsta á rétta staði ef einhverjir verða farnir að hlaupa útundan sér. Við verðum áfram á vaktinni. Það er ekki spurningin um að hvíla sig fram í febrúar heldur er þetta verkefni sem verður að vera stöðugt í gangi. Það er mikið metnaður hjá Alþýðusambandinu að halda þessu góða starfi áfram,“ segir Björn en viðurkennir að á stundum hafi Alþýðusambandið um of þurft að standa í þessari baráttu upp á

eigin spýtur og án aðstoðar frá öðrum. Til dæmis hafi fulltrúar annarra félaga og samtaka haldið að sér höndum og jafnvel gagnrýnt þetta átak í stað þess að fylgja með. Einnig hafi Samtök atvinnulífsins verið frekar slöpp í baráttunni.

Góð áhrif á hreyfinguna

Björn er stoltur af verkalýðshreyfingunni og þeim árangri sem náðst hefur á þessum vettvangi. „Ég heyri það líka á fólki úti í bæ að það er stolt af hreyfingunni og hefur fylgst meira með málum gagnvart verkalýðshreyfingunni en nokkurn tíma áður,“ segir Björn og bendir á að með þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni gegn verðbólgunni viti allir hvaða hlutverki verkalýðshreyfingin gegnir og því hafi þetta haft góð áhrif fyrir hreyfinguna. „Þetta mun að auki hjálpa verkalýðshreyfingunni í náninni framtíð að ná fram sínum markmiðum vegna þess að atvinnurekendur og ríkisvaldið munu taka meira tillit til okkar núna en áður,“ segir Björn Snæbjörnsson formaður Einingar-Íðju.

Uppselt í fjallaferðina

Það hefur verið fastur liður í ferðalögum á vegum félagsins að fara í einhvers konar fjallaferð á hverju sumri. Svo undarlega sem það hljómar þá verður fjallaferð félagsins í ár að nokkru leyti farin á sjó! Dagana 13.-16. ágúst verður farið í fjögurra daga ferð til Hólmavíkur og Jökulfjarða. Uppselt er í ferðina.

Dagsferð til Grímseyjar

Eins dags ferð fyrir aldraða félaga Einingar-Íðju verður farin laugardaginn 17. ágúst til Grímseyjar. Ferðin kostar 3.000 krónur á mann og er tekið við skráningum á skrifstofu félagsins.

Nýir lögmenn félagsins

Eining-Íðja hefur fengið nýja lögmenn til þjónustu við félagið eftir að Inga Þóll Þórgnýsdóttir lögfræðingur, sem annast hefur lögfræðistörf fyrir félagið frá 1993, hætti rekstri eigin stofu og tók við starfi bæjarlögmanns Akureyrarbæjar. Í stað hennar koma til þjónustu lögfræðingarnir Friðrik Hermannsson og Jónas Haraldsson hjá Lögmönnum Borgartúni 18 í Reykjavík og Helgi Teitur Helgason hjá Lögheimtunni á Akureyri. Ingu Þóll er þökkvað góð þjónusta við félagið og félagsmenn í gegnum tíðina.



Reglur um greiðslu orlofsuppbótar

Samkvæmt kjarasamningum skal starfsfólk sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót. Hana skal greiða þegar fólk byrjar að taka orlof sitt eða eigi síðar en 15. ágúst.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelldt starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs.

Mismunandi eftir samningum

Upphæð orlofsuppbótar er mismunandi eftir kjarasamningum. Í almennum samningum Starfsgreinasambandsins og Samataka atvinnulífsins er hún 20.300 krónur og einnig í samningum við ríkið. Í samningum við sveitarfélögin er orlofsuppbótin hins vegar 9.900 krónur. Þessar tölur miðast við fullt starf og breytast síðan í samræmi við starfshlutfall og starfstíma.

Uppáhald allra



GLERÁRGÖTU 20 Sími 460 1600


Aðalfundur Einingar - Íðju 2002

Hefðbundið ár í starfi félagsins

Aðalfundur Einingar-Íðju var haldinn fimmtudaginn 2. maí. Fundurinn var með hefðbundnu sniði, farið yfir starfið frá síðasta aðalfundi, reikningar félagsins skýrðir og afgreiddir, lítilsháttar breytingar gerðar á samþykktum og fleira í þeim dúr.

Forseti ASÍ á aðalfundi

Athygli vakti að Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sótti fundinn. Gott er til þess að vita að forseti ASÍ skuli gefa sér tíma til að sækja slíka fundi og veita þannig starfsemi verkalyðshreyfingarinnar og hins almenna félagsmanns á landsbyggðinni athygli. Félagsmenn Einingar-Íðju eiga slíka athygli enda alveg skilið eins og Björn Snæbjörnsson formaður kom meðal annars inná í skýrslu sinni á aðalfundinum. Þar benti hann á að á þeim þingum og ársfundum sem fulltrúar Einingar-Íðju hafi sótt hafi þeir komið vel undirbúnir, verið virkir og til fyrirmyndar í starfinu.



Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, sótti aðalfund Einingar-Íðju og er gott til þess að vita að forystumenn hreyfingarinnar skuli sýna einstökum félögum slíkan dhuga.

Fjöldmörg verkefni á ýmsum sviðum

Í skýrslu formanns og stjórnar á aðalfundi félagsins kom fram að starfsemin var með mjög hefðbundnu sniði á síðasta ári. Alls voru haldnir níu stjórnarfundir þar sem ýmislegt kom til umræðu og afgreiðslu. Fimm félagsfundir voru haldnir frá aðalfundi 2001 til aðalfundar 2002 auk aðalfunda svæðisráða og deilda,

funda með starfsfólki í hinum ýmsu starfsgreinum vegna kjarasamninga og fjöldi formlegra og óformlegra vinnustaðafunda. Trúnaðarráð hélt fjóra fundi. Sem fyrr voru haldin ýmis námskeið á vegum félagsins sem ýmist voru kostuð af félaginu, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu eða af Starfsmenntunarsjóði félagsmálaráðuneytisins, svo eitt-hvað sé nefnt.

Sjálfkjörið í stjórn

Sjálfkjörið var í stjórn félagsins og trúnaðarráð. Björn Snæbjörnsson er formaður, varaformaður er Matthildur Sigurjónsdóttir, Arndís Sigurpáldóttir er ritari og Hilmar Helgason gjaldkeri. Í trúnaðarráði eiga sæti, auk stjórnarmanna, formenn og varaformenn fjögurra svæðisráða og fimm starfsgreina-deilda félagsins. Hér á síðunni og raunar víðar í blaðinu er sagt frá ýmsum málum sem tengjast aðalfundinum og starfi félagsins að öðru leyti.

Rekstrarafkoman jákvæð

Mikil breyting hefur orðið til hins betra á rekstrarafkomu Einingar-Íðju á undanförnum árum samkvæmt reikningum félagsins sem lagðir voru fram á aðalfundi félagsins í maí. Rekstrarhagnaður félagsins var 13 milljónir króna á liðnu ári en var ein milljón árið á undan.

Afkoma félagssjóðs hefur þannig batnað um 12 milljónir króna milli ára en hafði batnað um sjö milljónir króna frá



Frá aðalfundi í maí. Rekstrarafkoma félagsins hefur batnað verulega á undanförunum árum.

1999 til 2000. Þróunin í rekstri félagsins er því mjög ánægjuleg. Stjórnin setti sér það markmið að á þremur árum næðist að snúa rekstrinum við og skila félagssjóði með hagnaði og hefur það tekist. „Þetta er harla góð niðurstaða,“ segir Björn

Snæbjörnsson formaður um rekstur félagssjóðsins. „Niðurstaða reikninga félagssjóðs er nú loks jákvæð og hefur þar orðið mikil breyting á miðað við síðasta ár, að ekki sé minnst á árið þar á undan.“

Sjúkrasjóðurinn þungur

Sjúkrasjóður félagsins var rekinn með rúmlega 2ja milljóna króna tapi á síðasta ári en hagnaður var rúm ein milljón króna árið þar undan. „Sjóðurinn er félaginu mjög þungur en mikil hækkun á greiðslum dagpeninga úr sjúkrasjóði var samþykkt á aðalfundi í fyrra og eru þær nú með því sem best gerist innan Starfs-

greinasambandsins,“ segir Björn Snæbjörnsson formaður. Fram kom í ræðu hans á aðalfundinum að ef rekstur sjúkrasjóðsins verði jafn þungur á þessu ári og því síðasta þá sé ljóst að grípa þurfi til aðgerða en hann er þó vongóður um framhaldið. „Ég vona að staða og rekstur sjóðsins muni batna,“ segir Björn.

Aðalfundur Einingar - Íðju 2002

Rekstur orlofssjóðs neikvæður

Rekstur orlofssjóðs félagsins var neikvæður um rúmlega eina milljón króna á síðasta ári. Ástæðan er einkum sú að öll orlofshús félagsins hafa verið endurbætt á þremur árum. Þeirri vinnu er nú lokið. Á síðasta ári varð sú breyting að ákveðið var að selja orlofshús félagsins í Hrísey í samráði við stjórn svæðisráðsins þar. Einnig var ákveðið að kaupa tvö orlofshús á Illugastöðum af Verslunarmannafélagi Reykjavíkur á 150 þúsund krónur hvort hús.

Vaxandi umsvif eru í rekstri orlofshúsanna og gátu félagsmenn valið á milli húsa á 16 stöðum en eftirspurn er þó hvergi nærri fullnægt. Aðeins var hægt að verða við ríflega helmingi umsóknna í fyrstu umferð úthlutunar. Af 458 umsóknunum nú í vor fengu 235 umsækjendur úthlutað einni viku í orlofshúsi í fyrstu um-

ferð. Eins og áður eru margir sem ekki fá úthlutað dvöl á stað eða tíma sem óskað er eftir en þrátt fyrir allt eru lausar vikur í orlofshúsum félagsins í júní og ágúst.

Skilvirkt punktakerfi

Það skal áréttað að ákveðnar reglur gilda um úthlutun orlofshúsa og er farið eftir þeim í einu og öllu þegar umsækjendum er raðað niður. Notað er sérstakt punktakerfi við úthlutunina og var mikil vinna lögð í að færa fyrri úthlutanir inn í kerfið sem þykir bæði nákvæmt og hentugt.

Kerfið er þannig byggt upp að hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem greidd eru félagsgjöld og skiptir upphæð greiddra félagsgjalda þar engu máli. Þegar síðan kemur að úthlutun orlofshúsa ganga þeir fyrir sem hafa flesta punkta en við úthlutun dregst ákveðinn punktafjöldi frá. Úthlutunin fer fram með aðstoð tölvukerfis sem hefur reynst mjög vel við það verkefni.

Vantar fleiri á fundina

Mæting á aðalfundi svæðisráðanna í Dalvíkurbyggð, Ólafsfirði, Hrísey og Grýtubakkahreppi sem haldnir voru í janúar var mjög mismunandi, allt frá því að vera afleit upp í það að geta kallast þokkaleg. Á aðalfundinum var gerð sú tilraun að bjóða upp á sérstakt mál-efni sem stjórnir svæðisráðanna töldu vekja áhuga og auka fundarsókn en það virðist ekki hafa dugað til. Það er mikilvægt að fólk mæti á fundi svæðisráðanna því þau eru rétti vettvangurinn til að ræða þau mál sem snerta staðina utan Akureyrar sérstaklega. Mæting á aðalfundi starfsgreinadeilda félagsins var einnig nokkuð mismunandi.

Almennt virðist tilhneigingin sú að minni mæting er á fundi hjá verkalyðshreyfingunni þegar minna er um að vera í kringum kjarasamningagerð. Mæting á aðalfund félagsins nú í maí var hins vegar góð eins og endranær.



Mæting á fundi er mismunandi en þó góð á aðalfund félagsins eins og endranær.

Enn fjölgar í félaginu

Félögum í Einingu-Íðju fjölgar enn og eru þeir nú orðnir 5.441 og fjölgaði um 206 frá því á aðalfundi í fyrra. Samþykktar voru 326 inntökubeiðnir á árinu og eru

Breytt greiðslufyrirkomulag

Sú breyting hefur orðið á greiðslum úr sjúkrasjóði félagsins að nú er greitt úr honum um hver mánaðamót í stað þess að áður var greitt úr sjóðnum á hálfmánaðar fresti. Breytingin tengist nýju forriti sem taka þurfti í notkun vegna nýrra reglna skattayfirvalda um staðgreiðslu af sjúkradagpeningum. Áður-nefnd breyting var samþykkt á aðalfundinum að tillögu stjórnar.

Fjölgað í stjórn fræðslusjóðs

Á aðalfundi félagsins í maí var samþykkt breyting á stjórn fræðslusjóðs. Stjórnarmönnum fjölgar úr fimm í átta og er það gert til að tryggja að starfsgreinadeildirnar allar eigi fulltrúa í stjórninni. Beinlínis er kveðið á um að minnst einn stjórnarmaður skuli vera frá hverri starfsgreinadeild.

Margir nýir trúnaðarmenn

Fræðsla trúnaðarmanna á vinnustöðum er mikilvæg og í fyrra voru haldin þrjú námskeið fyrir trúnaðarmenn. Mjög margir nýir trúnaðarmenn hafa komið til starfa hjá félaginu og því brýnt að það haldi áfram að bjóða þessum hópi uppá námskeið. Framhald verður á námskeiðahaldi fyrir trúnaðarmenn strax í haust.

Skrumskæling á félagafrælsinu

Að jafnaði berast margar fyrirspurnir til félagsins um endurgreiðslur eða styrki vegna kostnaðar við líkamsrækt og leikfimi og hefur fólk bent á að önnur félög séu með slíkar greiðslur. Eining-Íðja býður félagsmönnum ýmiss konar ívilnanir, afslætti og styrki og sumt af því er ekki í boði hjá öðrum félögum. Sumt af því sem önnur félög bjóða stendur félagsmönnum Einingar-Íðju ekki til boða.

Svo undarlega sem það hljómar þá eru dæmi um að fólk sé að flakka á milli félaga með samþykki vinnuveitenda sinna til að ná því besta hjá tilteknu félagi og skipta svo og ná því besta hjá öðrum. Afstaða Einingar-Íðju til þessa félagaflakks er skýr, eins og fram kom í ræðu formannsins á aðalfundinum: „Því er borið við að það sé félagafrælsi í landinu. En þetta er skrumskæling og raunar ekki hægt að líða svona flakk,“ sagði Björn Snæbjörnsson á aðalfundinum.

Skipting félagsmanna eftir svæðum er sem hér segir:		
	Aðalfélagar	Aukafélagar
Akureyri og nágrenni	3.839	567
Svæðisráð Dalvíkur	514	68
Svæðisráð Ólafsfjarðar	196	52
Svæðisráð Grýtubakkahrepps	112	14
Svæðisráð Hríseyjar	65	14
Samtals:	4.726	715

Gefandi og skemmtilegt

Stundum heyrir sagð að það að vera trúnaðarmaður sé leiðinlegt, erfitt og mikil vinna — eiginlega alveg voðalegt í alla staði. Er það raunin? Til að svara því er best að leita til



„Maður fær heilmikið útúr því að vera trúnaðarmaður, fær að fara á námskeið og lærir mjög margt,“ segir Margrét Marvinsdóttir, trúnaðarmaður félagsins hjá Norðurmjólk.

trúnaðarmannanna sjálfra. Margrét Marvinsdóttir er trúnaðarmaður félagsins hjá Norðurmjólk.

„Þetta er alls ekkert voðalegt og eiginlega mjög gefandi og skemmtilegt á köflum,“ segir Margrét innt eftir því hvernig það er að vera trúnaðarmaður. Hún segir það að vísu fara nokkuð eftir því hvernig staðan er í fyrirtækinu. „Það koma tímar þegar þetta er erfiðara eins og var hérna fyrir tveimur árum. Þá var endurskipulagning hjá fyrirtækinu og mikið af uppsögnum. Þá var fólk að fara héðan sem maður var búinn að vinna með í tugi ára og það var virkilega erfitt. Við segjum stundum að við hefðum þurft áfallahjálpa þessum tíma.“

Fær aðra sýn á hlutina

Margrét hefur verið trúnaðarmaður í samtals um átta ár. Hún var fyrst í sex ár en lét svo slag standa fyrir tveimur árum þegar

enginn fékkst til að taka þetta að sér. Hún segir að stundum sé erfitt að fá fólk í þetta starf, aðallega vegna þess að það haldi að það að vera trúnaðarmaður sé öðruvísi en það er. „En maður fær líka heilmikið útúr því að vera trúnaðarmaður, fær að fara á námskeið og lærir mjög margt. Ég er kominn dálítið inn í innra starfið hjá félaginu, er orðin varaformaður matvælaeildarinnar og var búin að vera lengi í stjórni Íðju þegar hún var og hét. Maður fær aðra sýn á hlutina,“ segir Margrét en vill þó ekki viðurkenna að félagsstarfið sé henni í blóð borið. „Það var það ekki fyrir tíu árum en svo ákvað ég að mæta einu sinni á aðalfund Íðju. Þá varð eiginlega ekki aftur snúið og þetta hefur orðið skemmtilegra og skemmtilegra. Ég vil fóna ýmsu öðru en félagsstarfinu,“ segir Margrét Marvinsdóttir, trúnaðarmaður Einingar-Íðju hjá Norðurmjólk.

Margs konar styrkir veittir úr sjúkrasjóði

Eitthvað hefur borið á því að félagsmenn átti sig ekki almennilega á því hvenær og eftir hvaða reglum þeir eiga rétt á greiðslu úr sjúkrasjóði félagsins. Því þykir rétt að upplýsa hér lauslega um reglurnar en að öðru leyti er fólk bent á að reglurnar er að finna á heimasíðu félagsins, www.eining-idja.is og upplýsingar er einnig hægt að fá á skrifstofu félagsins.

Dagpeningagreiðslur

Upphæð dagpeninga miðast við 85% af 8 klukkustunda kaupi samkvæmt texta sérhæfðs fiskvinnslufólks eftir 5 ár, eins og hann er á hverjum tíma. Þá standa greiðslur yfir í allt að sex mánuði. Til að njóta fullra bóta þarf fólk að hafa unnið að minnsta kosti 1.800 klukkustundir samkvæmt viðmiðunartaxta dagvinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir veikindin eða slysið. Sjúkrasjóðurinn greiðir viðbótargreiðslur vegna barna. Heyrst hefur það viðhorf að greiðslurnar séu svo lágar að ekki taki því að sækja um sjúkradagpeninga. Í því sambandi þarf ekki annað en að benda á að lægsta greiðsla til félagsmanns í fullu starfi er 76.457 krónur á mánuði miðað að viðkomandi eigi ekkert barn.

Almennt er rétt að benda fólki á að sækja einnig um sjúkradagpeninga til Trygg-

ingastofnunar ríkisins en þó geta sameiginlegar greiðslur frá Einingu-Íðju og Tryggingastofnun aldrei numið hærri upphæð en viðkomandi hafði í laun.

Margs konar meðferðir endurgreiddar

Þeir félagar sem dvelja á endurhæfingarsstöðvum S.Á.Á. eða sambærilegum stofnunum skulu fá greidda dagpeninga samkvæmt tilheyrandi vottorðum í allt að sex vikur á ári miðað við almanaksárið.

Þá er stjórn sjúkrasjóðsins heimilt að veita félagsmönnum styrk vegna sjúkraþjálfunar (50%) og/eða sjúkranudds (40%). Að hámarki er greitt fyrir 18 skipti á ári. Einnig má nefna að sjúkrasjóðurinn endurgreiðir skoðunargjald við krabbameinsleit að fullu samkvæmt reikningi.

Útfararstyrkur

Við andlát félagsmanns er stjórn sjóðsins heimilt að greiða nánasta ættingja hans útfararstyrk að upphæð 100.000 krónur samkvæmt fyrirbyggjandi umsókn þar um, til að standa straum af útfararkostnaði. Vegna sjóðfélaga sem var í starfi fyrir andlát og greitt hafði verið af til sjúkrasjóðs félagsins, í að minnsta kosti síðustu sjö ár, eiga erfingjar rétt á fullum útfararstyrk. Hafi sjóðfélagsaðild verið skemmri, greiðist 1/7

af fullum styrk fyrir hvert ár, að sjö árum. Þá er heimilt að greiða útfararstyrk vegna sjóðfélaga sem ekki var á vinnumarkaði en var sjóðfélagi við starfslok og í að minnsta kosti sjö ár þar á undan.

Aðrir styrkir

Þegar alvarleg veikindi, slys eða dauðsföll ber að höndum eða aðrar óviðráðanlegar orsakir sem sjóðsstjórn metur til fjárhagslegs eða atvinnulegs tjóns fyrir heimili félagsmanns, skal sjóðsstjórn heimilt að veita viðkomandi heimili sérstakan styrk eftir nánari reglum hverju sinni að teknu tilliti til fjölskyldustærðar, aðstæðna og tekna eða bóta sem heimilið hefur frá öðrum. Til dæmis hafa verið veittir styrkir vegna veikinda barna, tæknifrjóvgunar og augnaðgerða. Einnig hafa verið veittir styrkir vegna ferðakostnaðar til annarra landa.

Sjúkraíbúð

Eining-Íðja á eina sjúkraíbúð við Ljósheima í Reykjavík. Hún er ætluð til leigu fyrir félagsmenn sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Íbúðin er leigð eftir því sem félagsmönnum hentar og er fólk þannig ekki bundið við að leigja í eina viku í senn heldur er hægt að leigja í tiltekinn dagafjölda.

Jákvætt viðhorf vinnuveitanda

Erla Hrund Friðfinnsdóttir hefur verið trúnaðarmaður Einingar-Íðju á leikskólanum Lundarseli frá haustinu 1999. Hún finnur sig vel sem trúnaðarmaður og finnst það mjög skemmtilegt.

„Mér finnst þetta mjög áhugavert og ég hef lært mikið af því að vera trúnaðarmaður. Þetta vekur mann til umhugsunar og opnar vídd fyrir mann til að fylgjast meira með því sem er að gerast. Maður verður miklu meðvitaðri og hefur meiri áhuga á starfi félagsins og virkjar sig meira í þessu.“ Erla Hrund segir starf trúnaðarmanns hvorki erfitt né leiðinlegt eins og stundum heyrir haldið fram. „Það hlýtur þó auðvitað að fara eftir því hvað er í gangi á vinnustaðnum. Hérna hefur ekki verið neitt stórkostlegt í gangi en samt þarf maður alltaf að vera að fylgjast með og gæta réttar fólksins. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt,“ segir hún.

Erla Hrund segir viðhorfið til trúnaðarmanna mjög jákvætt á Lundarseli. „Forveri leikskólastjórans sem er núna leitaði

dálítið til mín til að vera öruggur um að vera að gera rétta hluti og vera ekki að brjóta á fólkinu. Þannig að við leystum og unnum málina áður en til þess kom að þyrfti að gera eitthvað. Það er borið traust til manns og viðhorfið jákvætt, bæði hjá þeim sem var og hjá leikskólastjóranum sem er hérna núna. Ég er mjög ánægð með það og ég finn að mér er treyst og það er farið eftir því sem ég geri og segi. Reyndar hef ég haft það fyrir reglu að vera mjög dugleg að tala við fólkið á skrifstofu félagsins til þess að vita hvort ég er að segja og gera rétta hluti,“ segir Erla Hrund. Það má því orða það þannig að flest mál séu leyst



„Mér finnst þetta mjög áhugavert og ég hef lært mikið af því að vera trúnaðarmaður. Þetta vekur mann til umhugsunar og opnar vídd fyrir mann til að fylgjast meira með því sem er að gerast,“ segir Erla Hrund Friðfinnsdóttir, trúnaðarmaður á Lundarseli.

áður en úr þeim verður eitthvert vandamál. „Já, í raun má segja það. Ég hef kynnt mér málin og þau hafa verið rædd og afgreidd,“ segir Erla Hrund Friðfinnsdóttir, trúnaðarmaður félagsins á leikskólanum Lundarseli.



Veldu trausta framtíð

Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er hagkvæm sparnaðarleið til að tryggja tekjur eftirlaunaáranna. Þú getur valið á milli þriggja leiða Lífvals eftir því sem þér hentar best.

Sýndu fyrirhyggju og mættu starfslokum brosandí.

Horfðu fram á við og njóttu stuðnings Sparisjóðsins til að ná settu markmiði.

Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.

Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð eða kaktu á www.spar.is.



Enn lausar vikur í orlofshúsum

Enn eru nokkrar vikur lausar í orlofshúsum félagsins í ágúst eftir að farið hafa fram tvær umferðir við úthlutun. Þeir sem ekki fengu úthlutað viku á umbeðnum tíma í fyrstu úthlutun gátu sótt um að nýju og hefur önnur úthlutun þegar farið fram. Þrátt fyrir það eru nú enn nokkrar lausar vikur í ágúst og geta félagsmenn fengið upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 460-3600 um það hvar og hvenær er laust.

Sparið í Hvalfjarðargöngunum!

Félagsmenn sem eiga leið suður yfir heiðar og um Hvalfjarðargöngin geta sparað sér dágóðar upphæðir með því að hugsa fram í tímann. Á skrifstofu félagsins geta félagsmenn nefnilega keypt sér miða í Hvalfjarðargöngin á lægra verði en greitt er fyrir einstakar ferðir þegar ekið er um göngin og miðarnir keyptir á staðnum.

Eining-Íðja hefur keypt nokkurt magn afsláttarmiða í göngin sem seldir eru áfram til félagsmanna á kostnaðarverði. Í stað þess að greiða 1.000 krónur fyrir hverja ferð í göngin geta félagsmenn keypt miða á 700 krónur fyrir hverja ferð — og þannig sparað sér 600 krónur á einni ferð fram og til baka. Mögulegt er að kaupa einn miða eða fleiri, allt eftir þörfum. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þessa einföldu sparnaðarleið.

Kortin velkomin

Minnt er á að mögulegt er að greiða fyrir dvöl í orlofshúsum félagsins, ferðir, kort í Hvalfjarðargöngin og annað með greiðslukortum á skrifstofu félagsins því eins og áður hefur komið fram hér í blaðinu hefur verið tekið í notkun það þarfaþing nútímans sem gengur undir heitinu „greiðslukortaposi“. Eða með öðrum orðum: Debet- og kreditkort eru velkomin á skrifstofu Einingar-Íðju.

Mikill kostnaður vegna seðilgjalda

Algengt er að fólk kaupi bíla á afborgunum. Ástæða er til að minna lesendur á „árlega hlutfallstölu kostnaðar“ sem tekur allan kostnað við lántöku inn í myndina og umreiknar í ársvexti. Þegar keypt er með afborgunum er hægt að fá upplýsingar um þessa stærð.

A mörgum af þeim reikningum sem okkur berast er að finna kostnaðarlið sem kallast tilkynningar- og greiðslugjald, stundum kallað seðilgjald. Þetta gjald er mishátt eftir því hver sendir reikninginn og sumar stofnanir og fyrirtæki eru hreinlega ekki með nein tilkynningar- og greiðslugjöld.

Safnast þegar saman kemur

Flest þurfum við að greiða nokkra reikninga í hverjum mánuði og því getur verið um verulega upphæð að ræða á ársgrundvelli. Einstaklingur eða fjölskylda sem greiðir af þremur bankalán-um, bílaláni og greiðir hefðbundna reikninga eins og síma, rafmagn, hita, námslán og fleira slíkt getur þurft að

greiddir með boðgreiðslum (teknir af kreditkort) og einnig ef notast er við greiðsluþjónustu bankanna.

Netskil er ein leiðin til að greiða reikninga á rafrænan hátt. Reikningarnir eru þá á rafrænu formi og eru ekki sendir heim heldur fer maður á Netið og getur skoðað og greitt reikningana þar. Með þessu lækkar eða jafnvel hverfur kostnaður við tilkynningar- og greiðslugjöld. Nánari upplýsingar um þessa greiðsluaðferð er að finna á www.netskil.is.

Kostnaður við lántöku

Því fylgir verulegur kostnaður að taka lán hjá til dæmis bönkum og tryggingafélögum eins og tölurnar hér að neðan sýna. Fyrir utan vexti af sjálfu láninu þarf lántakandi að greiða lántökukostnað, stimpilgjald og stundum ótilgreindan kostnað. Því má spyrja hvort innheimta lánsins, það er tilkynningar- og greiðslugjöldin, ætti ekki að vera innifalín í þeim kostnaði sem lántaki er þegar búinn að greiða.



greiða á milli 20 og 30 þúsund krónur á ári í tilkynningar- og greiðslugjöld. Hér er því um umtalsverðan kostnað að ræða. En hvað er hægt að gera til að lækka eða hreinlega sleppa við að greiða þessi gjöld?

Bein- eða boðgreiðslur

Fólk getur í fæstum tilfellum sloppið alveg við að greiða tilkynningar- og greiðslugjöld en þó er hægt að lækka kostnaðinn sem þeim fylgir. Bein-greiðslur eru í flestum tilvikum ódýrari kostur en að greiða reikninginn hjá gjaldkera eða í heimabankanum á Netinu. Þá er reikningsupphæðin skuldfærð beint af viðskiptareikningi. Í sumum tilfellum geta tilkynningar- og greiðslugjöld lækkað ef reikningar eru

Dæmi:

Bílalán upp á 366.000,- hjá tryggingafélagi	
Vextir:	86.958,-
Lántökugjald:	5.678,-
Stimpilgjald:	5.685,-
Kostnaður	1.200,-
Tilkynningar- og greiðslugjöld (36 greiðslur):	9.900,-

Árleg hlutfallstala kostnaðar er 20,9%.

Það er ástæða til að minna lesendur á „árlega hlutfallstölu kostnaðar“ sem tekur allan kostnað við lántöku inn í myndina og umreiknar í ársvexti. Þegar keypt er með afborgunum er hægt að fá upplýsingar um þessa stærð og bera saman þau kjör sem í boði eru hjá verslunum, bönkum og greiðslukortafyrirtækjum.

Afl í þína þágu

Yfirskrift kröfugöngu og baráttufundar verkafólks á Akureyri 1. maí var „Afl í þína þágu“ og í hátíðarávarpi lagði Grétar Þorsteinsson, formaður Alþýðusambands Íslands, meðal annars áherslu á mikilvægi verkalyðsfélaganna fyrir félagsmennina sjálfa og réttindi þeirra. Hátíðarhöldin á Akureyri voru með hefðbundnu sniði. Gengið var frá Alþýðuhúsinu að Borgarbiói þar sem haldinn var baráttufundur í tilefni dagsins.



Meðal þess sem lögð var áhersla á í 1. maí ávarpi stéttarfélaganna á Akureyri var samtakamátturinn og það að þegar breið samstaða myndast með launafólki verði árangurinn mestur.

Í 1. maí ávarpi stéttarfélaganna á Akureyri var meðal annars komið inná breikkandi bil milli ríkra og snauðra, þar sem peningamenn á fjármálamarkaði raki saman milljörðum og hafi hagnast sem aldrei fyrir á undanförunum árum. „Stjórnvöld og fjármálaöflin í landinu hafa á undanförunum árum búið sérstaklega í hagin fyrir þá sem betur mega sín með skattaívilnunum og alls kyns fyrirgreiðslu. Á sama tíma og ríkisvaldið hefur

gengið erinda efnamanna hefur verið þrengt að lágtekjufólki og hafa útgjöld þess farið jafnt og þétt hækkanði,“ sagði meðal annars í ávarpinu. Vakin var athygli á hækkunum á ýmsum sviðum og erfiðum rekstri og skuldasöfnun heimilanna. Enn fremur var í ávarpinu lögð áhersla á mikilvægi samstöðu allra í



Hátíðarhöldin á 1. maí voru með hefðbundnu sniði á Akureyri. Gengið var frá Alþýðuhúsinu að Borgarbiói þar sem haldinn var baráttufundur í tilefni dagsins.

baráttu gegn verðbólgunni undir öflugri forystu verkalyðshreyfingarinnar.

Samtakamátturinn skilar árangri

Í 1. maí ávarpinu var einnig lögð áhersla á samtakamátt verkafólks: „Þann lærdóm má tvímælalaust draga af sögunni að jafnan þegar breið samstaða myndast með launafólki verði árangurinn mestur.“ Jafnframt var tekið undir þau viðhorf og þær raddir sem nú gerast háværari innan samtaka launafólks að efla eigi samstarf og treysta samstöðuna, taka upp víðtækara samstarf og endurskoða skipulag verkalyðshreyfingarinnar til að efla allt starf

Formaður í 17 ár!

Verkalýðsfélög og starfsemi þeirra eru verulega háð því að til sé fólk sem vill leggja sig fram og vinna vel fyrir félögin. Ólöf Guðmundsdóttir er ein þeirra sem skilað hefur hreyfingunni fram á veg með áralöngu starfi sínu en hún hætti sem formaður svæðisráðs félagsins í Grýtubakkahreppi á aðalfundi þess í vetur. Það er í sjálfu sér ekki í frásögur færandi nema af því að Ólöf hefur verið þar formaður í sautján ár en hún var aðeins 23 ára þegar hún kom til starfa sem formaður svæðisráðsins. Ólöfu eru hér með þökkun störf hennar í þágu félagsins og félagsmanna.



Ólöf Guðmundsdóttir var formaður svæðisráðs félagsins í Grýtubakkahreppi í 17 ár en er þó enn á besta aldri, enda tók hún við formennsku aðeins 23 ára gömul.

Upplýsingaveita á heimasíðunni

Félagsmenn eru minntir á að Eining-Íðja opnaði í fyrra heimasíðu á Netinu. Enn sem komið er eru það ekki margir félagsmenn sem nota heimasíðuna. Á því kunna að vera ýmsar skýringar sem ekki verður reynt að finna hér.

Hins vegar er vert að vekja athygli á því að á vefsvæði Einingar-Íðju er að finna

fróðleik og upplýsingar um hvaðeina sem viðkemur félaginu og starfsemi þess, kjarasamninga, leiðbeiningar um réttindi félagsmanna, upplýsingar um orlofshús, sjúkrasjóð og ýmislegt annað sem tengist félagsstarfinu. Slóðin á heimasíðuna er: <http://www.eining-idja.is>. Ábendingar um síðuna eru einnig vel þegnar.

Nýtið námsstyrkina!

Félagsmenn hafa verið duglegir að nýta sér þá einstaklingsstyrki sem standa til boða hjá Landsmennt vegna námskeiða sem félagsmenn hafa sótt en sjóðurinn er í vörslu Starfsgreinasambandsins. Landsmennt er sérstakur fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni sem stofnaður var í tengslum við síðustu kjarasamninga.

Það er mikilvægt að félagar nýti sé þá styrki sem standa til boða til að sækja námskeið og auka þekkingu sína og færni. Sá háttur er hafður á að einstaklingar sækja um styrki til Einingar-Íðju, umsóknir eru metnar og afgreiddar eftir starfsreglum Landsmenntar og Eining-Íðja sækir síðan um endurgreiðslu frá Landsmennt. Styrkur til hvers einstaklings getur numið allt að 27 þúsund krónum á ári og eiga allir félagsmenn rétt á að sækja um að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eining-Íðja greiddi í fyrra um 1.350 þúsund krónur til Landsmenntar en styrkir til félagsmanna voru aðeins rúmlega helmingur af þeirri upphæð.

Viðamikil viðhorfskönnun meðal félagsmanna

Eining-Iðja lét gera fyrir sig viðamikla viðhorfs- og þjónustukönnun í febrúar á þessu ári. Markmiðið með könnuninni var kanna hvernig félagsmönnum líkar sú þjónusta sem félagið veitir og um leið að fá skýra mynd af þeim óskum sem beint er til félagsins.

Alls fengu 950 félagsmenn á

aldrinum 18-75 ára spurningalista sendan heim. Um þriðjungur svaraði, eða 311 manns. Greiningar á niðurstöðum könnunarinnar ber því að skoða með ákveðnum fyrirvara en þó er óhætt að fullyrða að í flestum tilvikum gefi könnunin ákveðnar vísbendingar. Á næstu síðum er að finna niðurstöður og greiningu á nokkrum völdum spurningum í könnuninni.

BAKGRUNNUR		
ALDUR	Fjöldi	%
18-30 ára	60	19,8
31-45 ára	70	23,1
46-60 ára	78	25,7
61-75 ára	95	31,4
Samtals	303	100
Svara spurningu	303	97,4
Svara ekki	8	2,6
Alls:	311	100
DEILD	Fjöldi	%
lónaðardeild	43	15,4
Matvæladeild	72	25,7
Þjónustudeild	70	25,0
Opinber deild	73	26,1
Tækja, flutninga og byggdeild	22	7,9
Samtals	280	100
Svara spurningu	280	90,0
Svara ekki	31	10,0
Alls:	311	100
MENNTUN	Fjöldi	%
Grunnskóli eða styttra	219	74,2
Stúdentspróf eða sambæril	36	12,2
lón- eða verkmenntun	35	11,9
Háskólapróf	5	1,7
Samtals	295	100
Svara spurningu	295	94,9
Svara ekki	16	5,1
Alls:	311	100

KYN	Fjöldi
Karl	105
Kona	203
Samtals	308
Svara spurningu	308
Svara ekki	3
Alls:	311
BÚSETA	Fjöldi
Akureyri	241
Dalvíkurbyggð	33
Ólafsfjörður	5
Grýtub.hreppur	6
Hrísey	5
Annars staðar	19
Samtals	309
Svara spurningu	309
Svara ekki	2
Alls:	311
LENGD Í FÉLAGI	Fjöldi
0-6 mánuði	3
7-11 mánuði	5
1-3 ár	26
3-5 ár	31
5 ár eða lengur	242
Samtals	307
Svara spurningu	307
Svara ekki	4
Alls:	311


Helstu niðurstöður

- 51% þátttakenda eru ánægð með virkni sinnar deildar innan félagsins.
- 83% eru ánægð með störf þeirrar skrifstofu félagsins sem þeir hafa sótt þjónustu til.
- 73% af lesendum félagsblaðs Einingar-Iðju eru ánægð með blaðið.
- Þriðjungur af gestum heimasíðu Einingar-Iðju er ánægður með hana.
- Næstum 8 af hverjum 10 eru jákvæðir í garð Einingar-Iðju.
- 19% þátttakenda telja sig virka félagsmenn í Einingu-Iðju, en ríflega helmingur telur sig hins vegar óvirkan félagsmann.
- Rúmlega 4 af hverjum 10 voru sáttir við niðurstöðu síðustu kjarasamninga en 28% voru ósátt.
- 51% þátttakenda telja að Eining-Iðja standi sig vel í kjarabaráttu fyrir félagsmenn sína, tæp 20% álíta hins vegar að félagið standi sig illa.
- Rúmlega 90% vilja ekki vera í öðru stéttarfélagi en Einingu-Iðju.
- 85% vita fullt nafn formanns Einingar-Iðju.
- Stærstur hluti þátttakenda, tæplega 90%, hefur aldrei sótt um styrk til Landsmenntar.
- 58% hafa nýtt sér orlofshús félagsins og langflestir, eða 93% orlofshúsagesta, eru ánægð með húsin.
- Ríflega 40% hafa fengið greiðslu úr sjúkrasjóði félagsins.
- 85% eru ánægð með starf sitt á heildina litið, en þó misánægð með einstaka þætti þess.

Spurning 7

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með virkni þinnar deildar innan félagsins?


	Fjöldi	%
mjög ánægð(ur)	34	13,0
frekar ánægð(ur)	99	37,9
hvorki né	108	41,4
frekar óánægð(ur)	13	5,0
mjög óánægð(ur)	7	2,7
Samtals	261	100
Taka afstöðu	261	83,9
Veit ekki	38	12,2
Svara ekki	12	3,9
Alls:	311	100



Spurning 8

Sóttir þú þjónustu til einhverrar af skrifstofum félagsins á síðasta ári?


	Fjöldi	%
Já	156	51,0
Nei	150	49,0
Samtals	306	100,0
Taka afstöðu	306	98,4
Svara ekki	5	1,6
Alls:	311	100









Spurning 9




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með viðmót starfsfólks skrifstofunnar?*

	Fjöldi	%
mjög ánægð(ur)	70	45,5
frekar ánægð(ur)	63	40,9
hvorki né	13	8,4
frekar óánægð(ur)	2	1,3
mjög óánægð(ur)	6	3,9
Samtals	154	100
Taka afstöðu	154	49,5*
Svara ekki	157	50,5
Alls:	311	100



* Einungis svör þeirra sem höfðu sótt þjónustu.





Eining-Iðja þakkar eftirtöldum aðilum fyrir veittan stuðning



Sparisjóður Höfðhverfinga



Akureyri



Sparisjóður Svarfdæla - Dalvík
Hrísey • Árskögsströnd • www.spar.is.dalvik



Dalvíkurbyggð
Ráðhúsinu, 620 Dalvík.
www.dalvik.is



SAMHERJI HF
www.samherji.is



Hafnarstræti 91 - 93 • Sími 461 5050 • Fax 461 5051
www.penninn.is



Blómabúðin
AKUR
KAUFANGI V. MÝRARVEG 600 AKUREYRI
SÍMI 4600 & 2400 • POSTHÓLF 400



randburg.com/is/glofi.html



form
ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUFANGI V. MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099



SPARISJÓÐUR ÓLAFSFEJRDAR
Aðalgötu 14 - 625 Ólafsfjörður - Sími: 460-2700 - Fax: 460-2701



HERRADEILD



HRÍSEYJARHREPPUR
RÁÐHÚSINU - SÍMI 466 1762 - FAX 466 1790 - NETFANG: hrisey@li.is
www.http://hrisey.vefurinn.is



Flytjandi
- á rétttri leið
www.flytjandi.is



Tindafell hf
Frostagötu 1a, 603 Akureyri
Sími: 462 6619



www.kjarnafædi.is



ÁSBYRGI - flóra
Frostagötu 2a, 603 Akureyri, Sími 462 3280 & 461 1155



www.byko.is



Daltré ehf.
Grundargata 9, 620 Dalvík
Sími: 466 1199



MÖL&SANDUR HF.
V/Súluveg • 600 Akureyri • Sími 460 2200 • Fax 460 2201
www.simnet.is/mogs • mogs@simnet.is



BYGGINGAVERKTAKI
BYGGIR
.....á traustum grunni
Kaldbaksgata 1 • Sími 462 6277



Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar
www.afe.is



GRÝTUBAKKAHREPPUR



P. Alfredsson ehf.
Draupnisgötu 7m • 603 Akureyri
Sími 462 3248






www.kpmg.is



Miðhúsavegur 4
Sími 461 1172



NORÐLENSKA
Grímseyjargata • Sími 460 8850



Eining-Iðja þakkar eftirtöldum aðilum fyrir veittan stuðning

ENDURSKOÐUN NORÐURLANDS HF.
• Löggiltir endurskoðendur • Glerárgata 28 • 600 Akureyri • Sími 462 3811

RAFIDNAÐARSKÓLINN

Starfsgreinasamband Íslands

NORÐURORKA
VATN · RAFORKA · VARMI
undirstaða lífs, heilsu og velmegunar
www.no.is
RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI
SÍMI: 460 1300 · FAX: 460 1301 · NETFANG: nordurorka@akureyri.is

Óseyri 1a
603 Akureyri
Sími: 461-2977

Óseyri 2
603 Akureyri
Sími 462 4477

KYNNING OG
ÚTGÁFUPJÓNUSTA

Hafnarstræti 88
600 Akureyri
Sími: 462 7682
Símbref: 462 7290

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.
— þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.
— þar sem tryggingar snúast um fólk.

Eining-Iðja þakkar eftirtöldum aðilum fyrir veittan stuðning

FROST
www.frost.is

HAGSMÍÐI
Glerárgötu 3b • Símar: 461 2545

Höldur ehf.
www.europcar.is

VN
www.vn.is

BLIKKRÁS HF
Óseyri 16, Akureyri
Sími 462 6524

BLIKK- OG
TÆKNIPJÓNUSTAN hf.
Kaldbaksgata 2 • Sími 462 4017

Landflutningar
SAMSKIP
www.samskip.is





Egils
egils.is

Gullsmiðir
Sigtryggur & Pétur sf.
Brekkgötu 5 • Sími 462-3524

TRÉSMIÐJAN
BÖRKUR
Dalsbraut 1 • S: 462 1909

VSA
Gránufélagsgata 47
Sími 462 7860

PRICEWATERHOUSECOOPERS
pwcglobal.com/is



Strandgötu 3
600 Akureyri
Sími 460 6464

Hafnarstræti 92
Sími 462 1818

Verð á mælieiningu

auðveldar samanburð

Mælieiningaverð er verð vöru miðað við tiltekna mælieiningu, svo sem kíló, lítra og metra.

Til að auðvelda neytendum að bera saman verð hafa verið settar reglur sem skylda verslunareigendur til að gefa upp mælieiningaverð vöru auk söluverðs.

SAMKEPPNISSTOFNUN

UNIK TITEL OG FRIER

Stjórnir og nefndir starfsárið 2002-2003

Stjórn:	
Formaður:	Björn Snæbjörnsson
Varaformaður:	Matthildur Sigurjónsdóttir
Ritari:	Arndís Sigurpálsdóttir
Gjaldkeri:	Hilmir Helgason
Matvæladeild:	Anna Júlíusdóttir
Opinbera deild:	Sigríður K. Bjarkadóttir
Tækja-, flutn- og byggingad.:	Þorsteinn J. Haraldsson
Þjónustudeild:	Halldóra H. Höskuldsd.
Iðnaðardeild:	Eyþór Karlsson
Dalvík:	Guðrún Skarphéðinsdóttir
Ólafsfjörður:	Sigríður Ingimundardóttir
Grenivík:	Marsibil E. Kristjánsdóttir
Hrísey:	Elisabet Jóhannsdóttir

Svæðisráð Ólafsfjarðar:	
Formaður:	Sigríður Ingimundardóttir
Varaformaður:	Sæbjörg Ágústsdóttir
Ritari:	Ásbjörn Jónsson
Varastjórn:	Sigvaldi Einarsson
	Ágúst Sigurlaugsson

Svæðisráð Dalvíkurbyggðar:	
Formaður:	Guðrún Skarphéðinsd.
Varaformaður:	Ingigerður Jónsdóttir
Ritari:	Hafðís Hafliðadóttir
Varastjórn:	Jón Arnar Helgason
	Stefán Hólm Þorsteinsson

Svæðisráð Hríseyjar:	
Formaður:	Elisabet Jóhannsdóttir
Varaformaður:	Þ. Áslaug Ólafsdóttir
Ritari:	Matthildur Eva Antonsd.
Varastjórn:	Steinar Kjartansson
	Baldur Sigþórsson

Svæðisráð Grýtubakkahrepps:	
Formaður:	Marsibil Kristjánsdóttir
Varaformaður:	Þórey Aðalsteinsdóttir
Ritari:	Sólveig Jónsdóttir
Varastjórn:	Guðbjörg Herbertsdóttir
	Petra Björk Pálsdóttir

Matvæladeild:	
Formaður:	Anna Júlíusdóttir
Varaformaður:	Margrét H. Marvinsdóttir
Ritari:	Ólöf Gunnlaugsdóttir
Meðstjórnendur:	Stefán Aðalsteinsson
	Stefán Benjamínsson
Varamenn:	Egill Ragnarsson
	Ingimar Harðarson
	Magnús Björnsson

Opinber deild:	
Formaður:	Sigríður K. Bjarkadóttir
Varaformaður:	Guðmundur Karlsson
Ritari:	Árni Másson
Meðstjórnendur:	Svanhildur Sigtryggsd.
	Marsibil Kristjánsdóttir
Varamenn:	Ásrún Ásgeirsdóttir
	Erla Hrund Friðfinnsdóttir
	Sigríður Þórisdóttir

Stjórn Vinnudeilusjóðs:	
Aðalmenn:	Erna Friðriksdóttir, Haukur Haraldsson, Sigurður Sv. Ingólfsson.
Varamenn:	Brynjólfur Magnússon, Egill Ragnarsson, Sigríður Jóna Gísladóttir.

Mæðrastyrksnefnd:	
Aðalmaður:	Jóna Berta Jónsdóttir
Varamaður:	Björg Hansen

Trúnaðarráð	
1.	Aðalbjörg Gunnarsdóttir, Norðlenska
2.	Aðalbjörg Sigvaldadóttir, Skinnaiðnaði
3.	Alda María Traustadóttir, Ólafsfirði
4.	Anna Sigríður Antonsdóttir, ÚA
5.	Anna Dóra Gunnarsdóttir, ÚA
6.	Anna Maren Leósdóttir, Samherja Dalvík
7.	Árni Másson, Áhaldahúsi Akureyrarbæjar
8.	Árni Þ. Leósson, Gámaþjónustunni
9.	Ásbjörn Jónsson, Fiskeldi Ólafsfirði
10.	Áslaug Kristjánsdóttir, Skinniðnaði
11.	Áslaug Kristjánsdóttir, Sambýli Skútagili 2
12.	Ásrún Ásgeirsdóttir, Hjúkrunarheimilinu Hlíð
13.	Birna Jónasdóttir, Hjúkrunarheimilinu Hlíð
14.	Brynjófur Magnússon, G.V. gröfum
15.	Dóra Herbertsdóttir, Hæfingarstöðinni
16.	Egill Ragnarsson, Samherja Hjalteyri
17.	Elisabet Skarphéðinsdóttir, Laugalandi
18.	Elisabet Sveinsdóttir, Leikskólanum Árholti
19.	Erla Hrund Friðfinnsdóttir, Leikskólanum Lundarseli
20.	Erna Friðriksdóttir, Lindinni
21.	Friðrik Þorbjörnsson, Samherja Dalvík
22.	Garðar Vésteinsson, Dekkjahöllinni
23.	Geir Guðmundsson, Vegagerðinni
24.	Guðfinnur Árnason, Sandblæstri og málmhúðun
25.	Guðmundur Karlsson, Íslandsfugli Dalvík
26.	Guðríður Þorsteinsdóttir, Glerárskóla
27.	Guðrún Jóhannsdóttir, Dvalarheimilinu Kjarnalundi
28.	Gunnlaugur Höskuldsson, Samskipum
29.	Hafðís Hafliðadóttir, Samherja Dalvík
30.	Hanna Eyrún Antonsdóttir, Eyfiski
31.	Helga Einarisdóttir, Greifanum

Tækja- flutninga- og byggingadeild:	
Formaður:	Þorsteinn J Haraldsson
Varaformaður:	Guðmundur Björnsson
	Sigurður S. Ingólfsson
Meðstjórnendur:	Brynjólfur Magnússon
	Ingvar Kristjánsson
Varamenn:	Gunnlaugur Höskuldsson
	Reynir Helgason
	Tryggvi Kristjánsson

Fulltrúar í stjórn Tjarnargerðis:	
Aðalmenn:	Guðmundur Björnsson, Hilmir Helgason, Sigurður Randversson.
Varamenn:	Geir Guðmundsson, Sigurður Sv. Ingólfsson.

Stjórn sjúkrasjóðs:	
Aðalmenn:	Sigrún Lárusdóttir, Aðalbjörg Sigvaldadóttir, Geirlaug Sigurjónsdóttir.
Varamenn:	Geir Guðmundsson, Guðrún Helga-dóttir, Lára Einarisdóttir.

Þjónustudeild:	
Formaður:	Halldóra H Höskuldsd.
Varaformaður:	Valdimar Gunnarsson
Ritari:	Aðalbjörg Sigvaldadóttir
Meðstjórnendur:	Júlíana G. Kristjánsdóttir
	Sigurður Þ. Karlsson
Varamenn:	Erna Friðriksdóttir
	Helga Einarisdóttir
	Jakob Tryggvason

32.	Hildur Gunnarsdóttir, MA
33.	Hólmfríður Hreinsdóttir, Heimilisþjónustu, Brekkuhóp
34.	Hulda G. Jónsdóttir, Skógerðinni Stoð
35.	Inga Sigrún Ólafsdóttir, Félagsstarfi
36.	Ingimar Harðarson, Norðlenska
37.	Ingvar Kristjánsson, Möl og sandi
38.	Jakob Tryggvason, Securitas
39.	Jóhanna Antonsdóttir, Oddeyrarskóla
40.	Jón Kristinn Arngrímsson, Sæplasti
41.	Jón Þór Benediktsson, Fiskeldi Eyjafjarðar
42.	Jóna Jónasdóttir, ÚA
43.	Júlíana G. Kristjánsdóttir, ISS Ísland
44.	Kristbjörg Ingólfisdóttir, Landsbanka Íslands
45.	Lára Einarisdóttir, Norðurmjólk
46.	Lárus Halldórsson, Samherja-Strýtu
47.	Magnús Björnsson, Vífilfelli
48.	Ólafur Theódórsson, Gúmmívinnslunni
49.	Petra Björk Pálsdóttir, Darra Grenivík
50.	Reynir Helgason, Eimskip
51.	Sigríður Þórisdóttir, Hrafnagilsskóla
52.	Sigrún Ásdís Jónsdóttir, Skinnaiðnaði
53.	Sigurður Þ. Karlsson, Securitas
54.	Sigurður Sv. Ingólfsson, Norðurmjólk
55.	Sólveig Jónasdóttir, Verkmenntaskólanum
56.	Stefán Aðalsteinsson, Kjarnafæði
57.	Stefán Benjamínsson, Ísfélagi Vestmannaeyja
58.	Steinþór Berg Lúthersson, ÚA
59.	Svanberg Snorrasson, Samherja-Strýtu
60.	Svanhildur Sigtryggsdóttir, Brekkuskóla
61.	Tryggvi Kristjánsson, Íslandsfugli Dalvík
62.	Unnur G. Gunnarsdóttir, Leikskólanum Krummakoti
63.	Unnur María Hjálmarsdóttir, Sambýli Dvergagili 3
64.	Valborg Aðalgeirsdóttir, Glófa
65.	Þuríður Kristín Sigurvinsdóttir, Dalvík

Iðnverkadeild:	
Formaður:	Eyþór Karlsson
Varaformaður:	Þórhildur Sigurjónsdóttir
Ritari:	Sigrún Ásdís Jónsdóttir
Meðstjórnendur:	Jón Kristinn Arngrímsson
	Valborg Aðalgeirsdóttir
Varamenn:	Áslaug Kristjánsdóttir
	Garðar Vésteinsson
	Valdemar Thorarensen

Stjórn Fræðslusjóðs:	
Guðrún Skarphéðinsdóttir, Hafðís Kristjánsdóttir, Matthildur Sigurjónsdóttir, Steinþór Lúthersson, Þórunn Þórðardóttir, Sigurður Karlsson, Ingvar Kristjánsson, Unnur María Hjálmarsdóttir.	

Ritnefnd:	
Erla Hrund Friðfinnsdóttir, Halldóra Höskuldsdóttir, Kristín Anna Gunnólfisdóttir, Sigríður Þórisdóttir, Valborg Aðalgeirsdóttir.	

Ferðanefnd:	
Björn Snæbjörnsson, Arna Brynja Ragnarsdóttir, Hafðís Jóhannsdóttir, Fanney Jónsdóttir, Margrét H. Marvinsdóttir.	

Kjörstjórn 2001/2002:	
Aðalmenn:	Sigurlaug Guðmundsdóttir, Karl Guðmundsson
Varamenn:	Sigurður Randversson, Steinunn Rögnvaldsdóttir



Súltartangelón

Hápunktur ferðarinnar er heimsókn til Landsvirkjunar!

➤ Hvað er með Ásum?

Kynnist goðheimum í Laxárstöð í Aðaldal

Sýning á verkum Hallsteins Sigurðssonar, myndhöggvara, í berg-hvelfingum aflstöðvarinnar. Fróðleikur um goðin og heimsmynd þeirra.

Opið frá 23. júní.

➤ Skemmtileg dagsferð inn á Sprengisand

Heimsækið listsýningu í Hrauneyjafosssstöð: tillögur í samkeppni um útilistaverk við Vatnsfellsstöð.

Opið frá 5. júní.

➤ Óvænt sjónarhorn

Samspil manns og náttúru á veglegri sýningu í Ljósafosssstöð.

Opið frá 15. júní.

Stöðvarnar við Blöndu, Kröflu og Búrfell eru jafnframt opnar alla daga vikunnar í sumar og þar er marga skemmtilegt að sjá.



Landsvirkjun



Viðskiptavinir
Íslandsbanka fá
bakpoka með
gjaldeyrinum
í sumar.*



* Gildir meðan birgðir endast.

Vertu með allt á hreinu í sumar!

Í sumar getur þú sannarlega haft fjármálin á hreinu með því að nýta þér víðtæka þjónustu Íslandsbanka. Við gleðjum þá sem kaupa gjaldeyri fyrir 40.000 kr. eða meira með góðri gjöf – ferðabakpoka með kælifösku sem kemur sér vel í fríinu.



Íslandsbanki mælir með

- ★ **Greiðsluþjónusta** – trygging fyrir áhyggjulausu sumarfríi
- ★ **Reglulegum sparnaði** – þú safnar fyrir draumaferðinni
- ★ **Netbankanum á isb.is** – skoðaðu fjármálin þegar og þar sem þér hentar
- ★ **Kreditkort** – rétta kortið og góðar ferðatryggingar



ÍSLANDSBANKI